

## Viðmið biskups Íslands á samsetningu valnefndar

Biskup Íslands ræður í störf sóknarpresta, presta, héraðspresta og sérþjónustupresta Þjóðkirkjunnar, sbr. 1. gr. starfsreglna um ráðningu í prestsstörf nr. 4/2021.

Í ákvæði 7. gr. starfsreglnanna er fjallað um samsetningu valnefndar. Kemur þar fram að valnefnd skuli skipuð að lágmarki sjö fulltrúum. Valnefnd skuli skipuð prófasti sem leiðir vinnuna, fimm fulltrúum sóknarnefnda viðkomandi prestakalls sem kjörnir hafa verið á sóknarnefndarfundum og lögfræðingi eða mannauðsstjóra biskupsstofu. Þar sem sóknir eru fleiri en fimm í viðkomandi prestakalli geti hver sókn haft sinn fulltrúa í nefndinni. Við samsetningu valnefndar skuli tekið mið af fjölda sóknarbarna hvernar sóknar. Sé ein sókna prestakallsins fjölmennari en hinar samanlagt skuli taka mið af því við fjölda fulltrúa í valnefnd.

Biskup Íslands áréttar að í framangreindu ákvæði 7. gr. kemur fram að hver sókn í prestakalli **geti** haft sinn fulltrúa í valnefnd. Það er því ekki sjálfgefið að hver sókn fari fram á að hafa fulltrúa í valnefnd þó hver sókn geti gert kröfu um það.

Almennt verður að telja heppilegt að hafa ekki valnefnd of fjölmenna, telja má ákjósanlegast að aðilar í valnefnd fari ekki yfir sjö til ellefu manns (með prófasti og mannauðsstjóra eða lögfræðingi biskupsstofu) en í ákvæðinu er ekki skilgreindur fastur fjöldi í valnefnd. Ákjósanlegast er að sóknir prestakalls nái samstöðu um hvernig valnefnd skuli skipuð en neðangreind viðmið skal hafa til hliðsjónar náist ekki samstaða. Fjöldi fulltrúa frá hverri sókn skal þá taka mið af eftirfarandi:

Söfnuður þar sem fjöldi sóknarbarna er frá 0-100 á rétt á að hafa einn fulltrúa í valnefnd. Þegar fjöldi sóknarbarna er milli 100-750 er komin heimild til að hafa tvo fulltrúa, þriðji fulltrúinn bætist við þegar um ræðir 750-2000 manns en þegar fjöldinn er kominn yfir 2000 má bæta fjórða fulltrúanum við.<sup>1</sup>

Athugast skal að framangreind viðmið um fleiri en einn fulltrúa í valnefnd eiga þó eingöngu við þegar ein sókn er orðin fjölmennari en hinar samanlagt. Í slíkum tilvikum getur þó verið eðlilegt að fleiri en eingöngu viðkomandi sókn fái aukafulltrúa í valnefnd. Náist samstaða í hóp að fækka fulltrúum og víkja þannig frá framangreindum viðmiðum er hvatt til þess enda eins og að framan greinir ákjósanlegra að valnefnd sé ekki skipuð of mörgum fulltrúum.

---

<sup>1</sup> Ákvæðið var við setningu þessa viðmiðs að taka mið af viðmiði í innri samþykktum kirkjunnar um messufjölda.